

Ákvörðun um skipulag fjármála- og efnahagsráðuneytis

Fjármála- og efnahagsráðuneyti starfar samkvæmt lögum nr. 115 frá 2011, um Stjórnarráð Íslands, og forsetaúrskurðum um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands frá árinu 2012. Samkvæmt 17. gr. laganna kveður ráðherra á um skiptingu ráðuneytisins í skrifstofur eftir verkefnum. Skipulag ráðuneytisins er í meginatriðum þannig:

1. Ráðuneytisstjóri stýrir ráðuneytinu undir yfirstjórn ráðherra. Staðgengill hans skal koma úr röðum skrifstofustjóra samkvæmt ákvörðun ráðuneytisstjóra.
2. Með ráðherra starfa einn til tveir aðstoðarmenn.
3. Skrifstofu eða sviði, sem er ígildi skrifstofu í skilningi Stjórnarráðslaga, stýrir skrifstofustjóri.
4. Sérfræðingar starfa innan einstakra skrifstofa eða sviða. Sama gildir um annað starfsfólk. Ráðuneytisstjóri setur skrifstofustjórum erindisbréf en sérfræðingar starfa samkvæmt starfslýsingum.

Ráðuneytið starfar sem ein heild og skiptist í fimm skrifstofur og tvö svið. Skrifstofurnar eru skrifstofa efnahagsmála, skrifstofa opinberra fjármála, skrifstofa skattamála, skrifstofa stjórnunar og umbóta og skrifstofa yfirstjórnar. Sviðin eru lögfræðisvið og rekstrarsvið. Ráðuneytisstjóri annast samræmingu á starfsemi skrifstofa og sviða og felur einum starfsmanna hverrar skrifstofu og sviðs staðgöngu fyrir skrifstofustjóra í fjarveru þeirra. Að auki geta verið starfræktir til lengri og skemmri tíma sérstakir verkefnahópar til að vinna að málefnum og verkefnum sem varða verk svið fleiri en einnar skipulagseiningar ráðuneytisins skv. nánari ákvörðun hverju sinni. Verkefni skiptast milli skrifstofa og sviða á eftirfarandi hátt:

Lögfræðisvið annast almenn lagaleg stjórnsýslumálefni sem ráðuneytið varðar. Það er skrifstofum og ráðuneytinu til lögfræðilegrar aðstoðar og ráðgjafar um málefni á ábyrgðarsviði þeirra. Lögfræðisvið hefur einnig yfirumsjón með málefnum er varða vexti og

verðtryggingu, ríkisaðstoð og lífeyrismál. Sviðið hefur umsjón með þingmálum og fer með almenn samskipti við skrifstofu Alþingis og stofnanir þess, umboðsmann Alþingis og Ríkisendurskoðun, og við embætti ríkislögmanns. Lögfræðisvið hefur af hálfu ráðuneytisins yfirumsjón með lögformlegri framkvæmd EES-samningsins eins og hún snýr að ráðuneytinu og annarra alþjóðlegra samninga sem heyra undir ráðuneytið og Ísland er aðili að.

Rekstrarsvið annast rekstur og fjármál ráðuneytisins, innra eftirlit, stoðþjónustu, fjárlagagerð og rekstrarlegt eftirlit stofnana ráðuneytisins, auk árangursstjórnunar. Sviðið ber ábyrgð á skjalastjórnun og málaskrá ráðuneytisins. Það hefur umsjón með fjölmiðlasamskiptum, upplýsingamálum og útgáfu á vegum þess. Rekstrarsvið leiðir mannauðsmál og ber ábyrgð á starfsmannhaldi ráðuneytisins, m.a. ráðningum, launamálum og starfsþróun. Auk þess vinnur rekstrarsvið ásamt öðrum skrifstofum og sviðum að undirbúningi og framkvæmd einstakra verkefna ráðuneytisins á sviði umbóta og fræðslumála.

Skrifstofa efnahagsmála hefur umsjón með undirbúningi og eftirfylgni með efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar, samhæfingu opinberrar hagstjórnar og kynningu á efnahags- og hagstjórnarmálum innanlands og utan. Í því skyni annast skrifstofan mat á þróun og horfum í efnahagsmálum og samskipti við Hagstofu Íslands um gerð þjóðhagsspár. Undir verksvið skrifstofunnar falla jafnframt peningamál, gjaldeyrismál og mál er lúta að fjármálastöðugleika, að svo miklu leyti sem þau málefni falla undir ráðuneytið. Skrifstofan annast gerð hagfræðilegra athugana, vöktun hagstærða, samskipti við erlend matsfyrirtæki og ýmsar alþjóðlegar stofnanir á sviði efnahagsmála. Skrifstofan fer með málefni Seðlabanka Íslands að því marki sem þau heyra undir ráðuneytið.

Skrifstofa opinberra fjármála undirbýr stefnumörkun og ráðstafanir í ríkisfjármálum og setningu heildarmarkmiða um þróun afkomu og skuldsetningar á grundvelli fjármálareglna og í samræmi við áherslur stjórnvalda. Skrifstofan ber ábyrgð á samhæfingu opinberra fjármála ríkisins og sveitarfélaga og málefni sem varða verkaskiptingu stjórnsýslustiganna. Skrifstofan gerir langtímaáætlun í ríkisfjármálum sem byggist á greiningu og spám um þróun tekna, útgjalda, afkomu, lánsfjárþarfar og skuldastöðu. Skrifstofan hefur umsjón með gerð fjárlaga, fjárlagagerðar og lokafjárlaga ásamt eftirfylgni þeirra. Meginverkefni fjárlagagerðar eru að styrkja stöðu og sjálfbærni ríkisfjármála til framtíðar, skipta ríkisfjármunum í samræmi við forgangsröðun ríkisstjórnar og treysta fjárlagaferlið. Þá leggur skrifstofan mat á fjárhagsáhrif stjórnarfrumvarpa, reglugerða, samkomulaga og annarra stjórnvaldsráðstafana og leggur mat á samninga og aðrar skuldbindingar sem ná yfir lengri tíma en fjárlagaárið. Á vegum skrifstofunnar fara fram útgjaldagreiningar, rannsóknir og smíði reiknilíkana til að meta og

auka skilvirkni, ráðdeild og hagkvæmni einstakra málaflokka og verkefna. Loks hefur skrifstofa opinberra fjármála með höndum þátttöku í alþjóðlegu samstarfi um opinber fjármál.

Skrifstofa skattamála mótar stefnu í skattamálum og eftir atvikum fyrir aðra tekjuöflun ríkisins. Skrifstofan annast mótn og undirbúning skattalöggjafar og gerð lagafrumvarpa og reglugerða á sviði skattamála með hliðsjón af stefnumótun ríkisfjármála og efnahagsmálum almennt. Þar með talin er löggjöf um tolla og vörugjöld. Skrifstofan annast mat á forsendum og áhrifum skattabreytinga sem telst vera hluti af gerð lagafrumvarpa og tekjuáætlunar ríkissjóðs. Skrifstofan undirbýr setningu heildarmarkmiða fyrir tekjuöflun ríkissjóðs og setur fram langtímaáætlanir um þróun tekna í samvinnu við aðrar skrifstofur ráðuneytisins. Þá hefur skrifstofan umsjón með gerð tekjuáætlunar fjárlaga ár hvert og sinnir samtímaeftirliti með innheimtu og þróun einstakra skatt- og tekjustofna. Þá annast skrifstofan gerð tvísköttunar- og upplýsingaskiptasamninga við önnur ríki.

Skrifstofa stjórnunar og umbóta sinnir rekstrarmálefnum ríkisins, umbótastarfi, eigna- og framkvæmdamálum og stefnumörkun í mannauðs- og kjaramálum. Það felur í sér fjármálastjórnun og fjárstýringu, eftirlit með framkvæmd fjárlaga í samstarfi við aðrar skrifstofur ráðuneytisins, gerð afkomugreinargerða, ásamt þróun rekstraráætlana og reikningsskila. Þá vinnur skrifstofan að umbótum og nýsköpun í ríkisrekstri, svo sem stefnumótun og árangursstjórnun, notkun upplýsingatækni í ríkisrekstri, opinber innkaup og samskipti við einkamarkaðinn, ásamt skipulagi stofnanakerfis ríkisins. Skrifstofan fer með eigna- og framkvæmdamál ríkisins. Í því felst m.a. framkvæmd eigendastefnu hluta- og sameignarfélaga í ríkiseigu og fyrirsvar þeirra. Skrifstofan fer með eignarráð ríkisins í fasteignum og jarðeignum ríkisins og samninga vegna nýtingar auðlinda þeirra. Undir skrifstofuna fellur stefnumörkun varðandi mannauðsmál ríkisins og málefni er varða réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna, kjarasamninga, launa- og lífeyrisréttindi ríkisstarfsmanna, og greiningar á mannaflapörf og launum.

Sérstök eining starfar í umboði ráðherra og sinnir verkefnum á sviði mannauðs- og starfsmannamála sem henni eru falin, þ. á m. ráðgjöf og stuðningi við ráðuneyti og ríkisstofnanir vegna mannauðsmála, leiðbeiningum um ákvæði starfsmannalaga og framkvæmd kjarasamninga, fræðslumálum, málefnum forstöðumanna, starfsþróun og samstarfi við samtök launþega og samtök sveitarfélaga um launa- og kjaramál. Hún starfar með samninganefnd ríkisins að gerð kjarasamninga.

Skrifstofa yfirstjórnar fer með samhæfingu í starfsemi ráðuneytisins og fylgir eftir áherslum í starfsemi þess. Skrifstofan sinnir sérstökum og tímabundnum úrlausnarefnum sem ráðuneytið fæst við í samstarfi við aðrar skrifstofur ráðuneytisins og önnur ráðuneyti eftir atvikum. Þá framkvæmir hún sértækar og almennar greiningar vegna málefna ráðuneytisins og hefur yfirsýn og fylgist með starfi verkefnahópa sem settir eru á fót og vinna þvert á ráðuneytið. Skrifstofan mótar stefnu í eignamálum ríkisins ásamt samhæfingu á innleiðingu breytinga á laga- og regluumgjörð um opinber fjármál. Einnig fer skrifstofan með stefnumótun, áætlanagerð, samninga og framkvæmd lána- og skuldamála ríkissjóðs, ríkisábyrgðir og áhættumat á þessum sviðum. Skrifstofan fer með mál er varða dagskrá ráðherra, undirbúning funda og mál sem varða þingstörf ráðherra.

Ákvörðun þessi tekur gildi frá og með 3. apríl 2013.

Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 3. apríl 2013

Katrín Júlíusdóttir

Guðmundur Árnason